

Álestrartímabil o.fl.

Álestrartímabil/áætlun/kæra/sekt

Álestrartímabil 2. gjaldtímabils 1998 er **20. maí - 10. júní nk.** Gjaldtagi er 11. júní 1998 og eindagi 30. júní s.m. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki til álestrar á álestrartímabilinu áætlar ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabili. Áætlun þungaskatts vegna fólksbifreiða skal þó vera 8.000 km. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætlaður (32.000/8.000 km).

Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga (í kærufresti) frá lokum álestrartímabils (10. júní) skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Ef mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, þ.e. eftir 10. júní, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregist hefur að koma með ökutæki til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

Mæti eigandi eða umráðamaður með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar (kærufestur) eru liðnir frá lokum álestrartímabils, þ.e. eftir 10. júlí, beitir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum sem hækka eftir því sem lengra liður frá lokum álestrartímabils.

| | |
|--|------------|
| Ef mætt er með ökutæki til álestrar á tímabilinu 12/7 - 18/7 | kr. 5.000 |
| Ef mætt er með ökutæki til álestrar á tímabilinu 19/7 - 25/7 | kr. 7.500 |
| Ef mætt er með ökutæki til álestrar á tímabilinu 26/7 - 1/8 | kr. 10.000 |
| Ef mætt er með ökutæki til álestrar á tímabilinu 2/8 - 8/8 | kr. 12.500 |
| Ef mætt er með ökutæki til álestrar þann 9/8 og síðar | kr. 15.000 |

Skráning á akstri í akstursbók/sekt

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók.

- Ef ökuriti er notaður sem öikumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
 - Ef annars konar öikumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu öikumælisins vikulega.
 - Eigendum eða umráðamönnum öikumælis-skyldra ökutækja, sem ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
 - Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.
- Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskattstjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum og hafa sektir verið ákveðnar eftirfarandi:

1. Akstur ranglega færður:

- fært vikulega
en á að færa daglega kr. 5.000
 - fært mánaðarlega
en á að færa daglega kr. 10.000
 - færð inn km-staða hraðamælis
en ekki öikumælis kr. 7.500
 - færð inn km-staða öikumælis
en ekki hraðamælis kr. 5.000
- Fyrir ítrekuð brot má gera ráð fyrir hækkan sekta.

2. Akstur ekki færður:

- Fyrir ökutæki sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki nýtt í atvinnurekstri skal sekt vera að lágmarki 10.000 kr.
- Fyrir önnur ökutæki skal sekt vera að lágmarki 15.000 kr.
- Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækka um 5.000 kr. í hvert sinn, í allt að 50.000 kr.